

Nd.

354. Lög

um innflutningsbann á dýrum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinn.

2. gr.

Frá löndum eða landshlutum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt, með ráði dýralæknisins í Reykjavík, að banna um stundarsakir allan innflutning á lifandi fuglum, heyi, hálm, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, ósoðinni mjólk, brúkuðum fóðurmjólsekkjum og öðrum þeim vörum, sem sjerstök hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvarana flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk og öllu lógað, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft á skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borgi allan þar af leiðandi kostnað.

Brot gegn reglum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt 1. gr., varðar eiganda 100 til 1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýttst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins.

4. gr.

Lög nr. 56, 10. nóv. 1905, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje, og viðaukalög nr. 25, 9. júlí 1909, eru úr gildi numin.